

***FORSÆTISNEFND 2. nóvember 2018: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins um sund- og menningarkort - R18110237***

**UMSÖGN**

**Viðtakandi:** Forsætisnefnd

**Sendandi:** Mannauðsdeild Ráðhúss

Á fundi forsætisnefndar 2. nóvember 2018 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins um sund- og menningarkort um sund- og menningarkort.

*Hvaða starfsmenn/starfsmannahópar, embættismenn og kjörnir fulltrúar fá sundkort og menningarkort endurgjaldslaust?*

Öllum starfsmönnum Reykjavíkurborgar sem ráðnir eru á föstum mánaðarlaunum til a.m.k. 3ja mánaða og hafa starfað í a.m.k. einn mánuð og tímakaupsstarfsmönnum sem starfað hafa í a.m.k. sex mánuði stendur til boða S-kort sem veitir starfsmanni aðgang að sundstöðum borgarinnar og menningarkort sem veitir aðgang að söfnum borgarinnar.

Kostnaður starfsmanns vegna sundkorts er 750 krónur og menningarkorts 600 krónur og er kostnaður dreginn af launum viðkomandi. Kostnaður starfsfólks er vegna útgáfu korta. Árið 2017 voru 7.242 starfsmenn borgarinnar skráðir með sundkort og 61% þeirra notuðu kortið á árinu eða 4.411. Fjöldi virkra menningarkorta 2017 var ríflega 5.500.

Ragnhildur Ísaksdóttir,  
starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar